

Individual study plan and contract
For PhD studies at Agricultural University of Iceland
(AUI)
90e (180 ECTS)

The aim of this document is to define all major parts of individual study plan for PhD studies designed according to national qualification framework for Iceland, (Ministry of Education, Government Gazette B nr. 80 2007). The plan includes course list and concise description of the research project and research plan where planned timing of courses, publications etc. is also stated. This document along with the Regulations for the AUI- Doctoral program- and AUI Code of Ethics also define the responsibilities and rights of the signed parts of the contract; the student, supervisors, overseer and AUI (Dean).

Document sections and appendices:

Contract	2
Research plan for PhD project	5
AUI Regulations for the Doctoral Programme (Ph.D. 180 ECTS)	6
Degree descriptor for Doctorate Degree	6
AUI Code of Ethics	15

Contract

1. between the student	
Name	
ID number	
Address	
Postal Code	
Telephone (Home/mobile)	
2. ...Agricultural University of Iceland	
Faculty (<i>mark one</i>)	<input type="checkbox"/> Faculty of Land and Animal Resources <input type="checkbox"/> Faculty of Environmental Sciences
Degree in (<i>mark one</i>)	<input type="checkbox"/> Ph.D. Agricultural Sciences 3 years (180 ECTS) <input type="checkbox"/> Ph.D. Nature and Environmental Science 3 years (180 ECTS) <input type="checkbox"/> Ph.D. Forest Science 3 years (180 ECTS) <input type="checkbox"/> Ph.D. Restoration Ecology and Management 3 years (180 ECTS) <input type="checkbox"/> Ph.D. Landscape Planning and Architecture 3 years (180 ECTS)
3. ...supervisors	
Supervisor	
Overseer	
Co-Supervisors (name all)	
4. ...about	
Name of research project Number of ECTS 150	
Place of research work	
Name and number of all courses and other elements to be included in the study plan, a total of 30 ECTS. Host institution shall be stated in all cases.	
5. Dates	
Start date	
Expected date of thesis	

delivery	
Dates of earlier revisions	
Estimated date of half-time revision	
Date of half time revision	
Date of current revision	
Current version	<input type="checkbox"/> Set-up <input type="checkbox"/> Half-time <input type="checkbox"/> Yearly revision
6. Research plan (abstract) and financial plan – key words (Full information shall be provided in separate attachment)	
7. Signatures (including confirmation that signed parts understand and accept the conditions, rights and responsibilities defined in Regulations for the AUI- Doctoral program- and AUI Code of ethics)	
Student	
Supervisor	
Co-supervisor	
Dean	
8. Names of two independent referees who are willing to give their opinion on the student's competence to be enrolled as a PhD student (please cite full names, addresses, e-mail and telephone)	
Referee 1	
Referee 2	

9. Space filled out by the office of academic affairs	
Application received:	
Date of.....	
Date of disputation	
Opponent:	

Research plan for a PhD project

Project name								
Student name								
Supervisors and roles								
Coordinator								
Host institution								
Starting date								
Estimated final date								
Cost plan								
	Year 1		Year 2		Year 3			

A. State of the art and proficiency

B. Objectives and originality

C. Methodology, work plan and time schedule

D. Milestones

E. Cooperation (domestic/foreign)

F. Proposed deliverables and impact

G. Proposed publication of results, including conferences and seminars

H. Cost and financial plan (can be made on separate sheet)

Note:

AUI pays costs of supervision. Other costs are not paid by AUI if not covered by special project money gained by approved applications by supervisor, student or other parts that have agreed to pay the direct costs of the research project. AUI may provide free of charge facilities, equipment, land etc. for the benefits of all student research projects.

AUI Regulations for the Doctoral Programme (Ph.D. 180 ECTS)

Reglur um doktorsnám við Landbúnaðarháskóla Íslands

1. gr. Forsendur og gildissvið

Reglur þessar taka til doktorsnáms við Landbúnaðarháskóla Íslands í samvinnu við Háskóla Íslands og eru settar með hliðsjón af *Viðmiðum og kröfum um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands* (http://www.hi.is/sites/default/files/bgisla/ny_vidmid_og_krofur_um_gaedi_doktorsnams_03_05_2012.pdf) og reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur skilyrta heimild mennta- og menningarmálaráðuneytis til þess að bjóða upp á doktorsnám í tilgreindum undirflokkum fræðasviða náttúruvísinda og auðlinda- og búvísinda, sbr. bréf ráðuneytisins, dags. 23. september 2015. Heimildin er bundin því skilyrði að námið verði byggt upp í samstarfi við Háskóla Íslands. Gerður var sérstakur samningur milli Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskóla Íslands um doktorsnám 9. febrúar 2012 og felur hann m.a. í sér aðild Landbúnaðarháskóla Íslands að Miðstöð framhaldsnáms sem rekin er á vegum Háskóla Íslands.

2. gr. Um námið. Markmið

Við Landbúnaðarháskóla Íslands er unnt að leggja stund á doktorsnám á **fræðasviðum** náttúruvísinda (undirflokkar: náttúru- og umhverfísvisindi, skógfræði, landgræðslufræði, umhverfisskipulag) og auðlinda- og búvísinda (undirflokkar: búvísindi, hestafræði), þar sem framhaldsnámsnefnd (sjá 3. gr.) metur að nauðsynleg aðstaða og sérþekking sé fyrir hendi.

Markmið doktorsnáms við Landbúnaðarháskóla Íslands er að veita doktorsnemanum þjálfun og innsýn í rannsóknaraðferðir náttúruvísinda, auðlinda- og búvísinda, og tengdra greina og að neminn öðlist ítarlega þekkingu á því sviði sem doktorsverkefni hans nær til. Í náminu felst þjálfun í undirbúningi og framkvæmd rannsókna, úrvinnslu og túlkun rannsóknarniðurstaðna, kynningu og rökræðum á eigin rannsóknum í samhengi við þekkingu á fræðasviðinu svo og birtingu í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum. Þannig verði doktorsefnið vel undir það búíð að starfa sjálfstætt að vísindum.

Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands hefur umsjón með og fylgir eftir settum viðmiðum og kröfum um gæði framhaldsnáms við Landbúnaðarháskóla Íslands, sbr. 18. gr. reglna þessara og 66. gr. reglna Háskóla Íslands nr. 569/2009. Standa ber skil á upplýsingum og gögnum sem Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands kallar eftir.

3. gr. Framhaldsnámsnefnd Landbúnaðarháskóla Íslands

Í framhaldsnámsnefnd sitja umsjónarmaður framhaldsnáms, sem tilnefndur er af deild og skipaður af rektor til tveggja ára í senn, sem jafnframt er formaður, sviðsstjóri rannsóknamála, sviðsstjóri kennslumála, fulltrúi námsbrautarstjóra MS brauta, og fulltrúar framhaldsnámsnema af meistara- og doktorsnámsstigi. Jafnframt situr í nefndinni einn fulltrúi Háskóla Íslands tilnefndur af Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands til tveggja ára í senn. Fulltrúar námsbrautarstjóra MS brauta og meistaranema sitja eingöngu fundi sem varða málefni meistaranáms við skólann.

Framhaldsnámsnefnd fer með málefni doktorsnáms í umboði deildar í samræmi við erindisbréf. Hlutverk hennar er að móta og hafa áhrif á stefnu og markmið námsins og stýra ferli umsókna um doktorsnámið. Auk þess hefur nefndin það hlutverk að fylgjast með því að hæfilegs samræmis sé gætt í doktorsnámi á fræðasviðum skólans og annast samskipti við Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands. Formaður framhaldsnámsnefndar er tengiliður Landbúnaðarháskóla Íslands við Miðstöð framhaldsnáms og situr í stjórn hennar.

Framhaldsnámsnefnd fjallar jafnframt um meiriháttar málefni einstakra doktorsnema og ágreiningsmál sem upp kunna að koma í framkvæmd doktorsnámsins. Minni háttar mál afgreiðast af umsjónarmanni framhaldsnáms, kennslustjóra og sviðsstjóra kennslu- og gæðamála í sameiningu. Úrskurðum þeirra má áfrýja til framhaldsnámsnefndar (þá með aðkomu fulltrúa Miðstöðvar um framhaldsnám H.Í.), og úrskurðum nefndarinnar má áfrýja til deildarráðs.

4. gr. Umsóknarfrestur

Umsóknarfrestur um doktorsnám er að jafnaði 15. apríl og 15. október. Heimilt er að taka við umsóknum um doktorsnám á öðrum tímum.

5. gr. Framhaldsnámsnefnd LbhÍ

Umsóknum er skilað á rafrænum eyðublöðum Landbúnaðarháskóla Íslands sem aðgengileg eru á vef skólans eða hjá kennsluskrifstofu. Afgreiðslu umsóknar skal að jafnaði vera lokið og henni svarað innan sex vikna frá því að hún berst. Umsókn má rita á ensku eða íslensku, henni skal fylgja útdráttur á ensku og íslensku, námsáætlun, lýsing rannsóknarverkefnis og rannsóknaráætlun skv. lið c hér að neðan, sbr. umsóknareyðublað. Synji deild stúdent inngöngu skal hún rökstyðja niðurstöðu sína. Afgreiðslu umsóknar skal í öllum tilvikum tilkynna til kennsluskrifstofu.

Ferill umsókna og mat á rannsóknaráætlun:

- a) Nemandi sækir um inngöngu í doktorsnám á sérstöku eyðublaði sem fæst á heimasíðu eða hjá kennsluskrifstofu. Með umsókn skulu fylgja afrit af prófskírteinum svo og ferilskrá (CV) umsækjanda og væntanlegs umsjónarkennara/ leiðbeinenda og nöfn tveggja umsagnaraðila.
- b) Umsóknin er skráð hjá kennsluskrifstofu og gengið er úr skugga um að hún sé fullnægjandi m.t.t. þeirra atriða sem nefnd eru í lið a og að umsækjandi uppfylli almenn inntökuskilyrði skv. 6. gr. reglna þessara. Kennsluskrifstofa fær þegar það á við frumgögn umsóknar metin af matsskrifstofu Háskóla Íslands til að staðfesta uppruna þeirra, meta gildi prófskírteina og námsgráða og staðfesta að gögn umsækjanda uppfylli formkröfur.
- c) Í umsókn er gerð ítarleg grein fyrir námsáætlun, rannsóknarverkefni og rannsóknaráætlun auk greinargerðar um hvernig fjármagna eigi námið. Í slíkri umsókn skal tilgreina ósk um væntanlega doktorsnefnd. Námsáætlun og rannsóknaráætlun eru metnar og umsækjandi ásamt umsjónarkennara/aðalleiðbeinanda boðaður í viðtal við fulltrúa framhaldsnámsnefndar. Umsóknin er afgreidd með rökstuddri umsögn. Ítarleg rannsóknaráætlun skal innihalda eftirtalda kafla:
 1. Lýsing á rannsókn og hlutverki/þátttöku doktorsnefndarmanna í rannsókn (1-2 bls.). Ferilskrá nefndarmanna skal fylgja.
 2. Greinargerð um faglegar forsendur rannsóknar, þ.m.t. stutt fræðilegt yfirlit, nýnæmi, uppbyggingu rannsóknar, aðferðafræði, rannsóknarspurningu/tilgátu ef við á (3-5 bls.).
 3. Verk-, tíma- og fjárhagsáætlun (1-2 bls.). Heimilt er að veita umsækjanda tækifæri til að endurbæta rannsóknaráætlun í samræmi við framkomnar

athugasemdir.

- d) Framhaldsnámsnefnd fer yfir umsóknir og hafnar umsókn ef hún uppfyllir ekki gæðakröfur eða samþykkir umsóknina og tilkynnir niðurstöðu til deildar.
- e) Í framhaldi af niðurstöðu framhaldsnámsnefndar ber deild ábyrgð á að tilkynna umsækjanda, kennsluskrifstofu og Miðstöð framhaldsnáms hvort umsókn hafi verið samþykkt eða henni hafnað.
- f) Nemandi sem skólinn hefur samþykkt í doktorsnám skal snúa sér til kennsluskrifstofu og ganga frá skráningu sinni í námið og greiðslu skrásetningargjalds komandi háskólaárs.

6. gr. Inntökuskilyrði

Til að innritast í doktorsnám við Landbúnaðarháskóla Íslands skal nemandi hafa lokið viðurkenndu meistaraþrófi á fræðasviðinu sem doktorsnámið skal byggjast á eða hafa meistaraþróðu á tengdu fræðasviði. Meistaraþróða, eða önnur samsvarandi gráða, sem leggja skal til grundvallar doktorsnámi verður að vera veitt af viðurkenndum háskóla.

Leyfa má uppfærslu nemanda úr meistaranámi á viðkomandi fræðasviði í doktorsnám með samþykki framhaldsnámsnefndar, hafi nemandinn ekki varið meistaraþrófsritgerð sína og ef ekki eru liðin meira en tvö ár frá innritun hans til meistaranáms, miðað við nám í fullu starfi. Nemandinn skal, í samráði við umsjónarkennara sinn, sækja um slíka uppfærslu eins og hefðbundið doktorsnám skv. 5. gr. Nánar er kveðið á um einingafjölda og undirbúning í 7. gr.

Ekki er heimilt að nota meistaraþrófsritgerð aftur sem uppistöðu í doktorsritgerð.

Ekki er heimilt að taka akademískan starfsmann við skólann í doktorsnám.

Sé doktorsnemi ráðinn inn á tímabundinn styrk skal ráðningartími vera tímabundinn.

7. gr. Einingafjöldi, tímalengd og framvinda náms

Doktorsnám að loknu meistaraþrófi skal jafngilda þriggja ára námi í fullu starfi hið minnsta. Doktorsnámið skiptist í 150 eininga rannsóknarverkefni og að minnsta kosti 30 eininga námskeiðshluta. Fyrir nemanda, sem hefur innritast í doktorsnám grundvallað á uppfærsluákvæði 6. gr., skal doktorsnámið jafngilda 240 einingum, þ.e. vera jafngilt fjögurra ára námi í fullu starfi hið minnsta. Í þessu tilfelli bætast 60 einingar við námskeiðshluta doktorsnámsins.

Heimilt er að doktorsnemi sé skráður í hlutanám frá upphafi. Sjái nemandi fram á að geta ekki lokið náminu innan fjögurra ára frá því það hófst skal hann sækja um til framhaldsnámsnefndar að vera áfram innritaður í námið í allt að eitt ár til viðbótar. Ef frekari framlengingar er þörf skal slík umsókn endurtekin, þó þannig að heildarnámstími verði aldrei lengri en sex ár, nema samþykkt hafi verið að nemandi fái að stunda nám sem hlutastarf.

Umsjónarkennari skilar framvinduskýrslu a.m.k. einu sinni á námsári til umsjónarmanns framhaldsnáms (sjá 13. gr.). Fullnægjandi framvinda er skilyrði fyrir skráningu á næsta námsári.

Við brautskráningu skal nemandinn sýna fram á að hann hafi verið skráður í nám og greitt skrásetningargjald allan námstímann eða í samræmi við gerða samninga sé um sameiginlega námsgráðu að ræða með öðrum háskóla. Hafi skráningargjald ekki verið greitt á námstímanum skal nemi ganga frá skuld sinni við háskólann áður en brautskráning er staðfest.

8. gr. Samsetning náms

Doktorsnámið felur fyrst og fremst í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og vinnu að samfelldu rannsóknarverkefni.

Námskeið skulu vera á doktors- eða meistarastigi við skólann eða aðra viðurkennda rannsóknarháskóla. Hafi doktorsnemi ekki þegar lokið námskeiðum í tölfræði og vísindalegri aðferðafræði er honum skylt að taka slík námskeið. Öllum námskeiðum skal ljúka með viðeigandi námsmati í samræmi við skilgreinda námsáætlun. Lágmarkseinkunn fyrir námskeið tekin við skólann, sem meta skal til doktorsprófs, er 6,0. Námskeiðum, sem tekin eru við aðra viðurkennda háskóla, skal ljúka í samræmi við kröfur þess skóla.

Almennt er ekki heimilt að nota námskeið úr grunnnámi (BS-námi) sem hluta doktorsnáms. Þverfræðilegar rannsóknir geta þó leitt til þess að grunnnámskeið af öðrum fræðasviðum teljist nauðsynlegur hluti námsins. Mest geta 8 einingar af slíkum nauðsynlegum grunnnámskeiðum talist til doktorsprófs. Hámarksfjöldi eininga í lesnámskeiðum í umsjón leiðbeinanda er 12 einingar.

Ef nemandi er með doktorsnámi sínu að skipta um fræðasvið, sbr. 2. gr., getur vantað mikilvæga þætti úr grunnnámi. Bætast þá nauðsynlegir undanfarar við námskeiðshluta námsins. Umsjónarkennari gerir tillögu að umfangi og innihaldi undanfaranna sem verða að hljóta samþykki framhaldsnámsnefndar. Gera skal grein fyrir undanföllum í námsáætlun, sbr. 5. gr.

Ætlast er til að doktorsnemi taki þátt í ráðstefnum á viðkomandi fræðasviði eftir því sem fjárhagsrammi leyfir. Stefnt skal að því eftir því sem kostur er að doktorsnemar fái tækifæri til að taka þátt í kennslu.

9. gr. Breytingar á námsáætlun

Veigamiklar breytingar á námsáætlun í doktorsnámi eru háðar samþykki framhaldsnámsnefndar.

10. gr. Tengsl við aðra háskóla

Doktorsnám getur verið í tengslum við annan háskóla innan lands eða utan, t.d. þannig að neminn taki hluta námsins við skólann eða fulltrúi hans sitji í doktorsnefndinni. Heimilt er að veita doktorsgráðu sameiginlega með öðrum háskóla. Slíku erindi skal vísað til framhaldsnámsnefndar og samráð haft við Miðstöð framhaldsnáms og kennslusvið Háskóla Íslands um samninga um sameiginlegt doktorsnám og prófgráður.

11. gr. Umsjónarkennari og leiðbeinendur

Sérhver doktorsnemi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara úr hópi fastra kennara við deild á viðkomandi fræðasviði sem hann ráðfærir sig við um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem náminu tengist. Umsjónarkennari er venjulega jafnframt aðalleiðbeinandi. Auk umsjónarkennara skal doktorsneminn hafa að lágmarki tvo aðra leiðbeinendur, sbr. 13. gr. Alla jafna er gert ráð fyrir því að a.m.k. einn leiðbeinenda sé frá erlendri samstarfsstofnun, enda uppfylli hann þær kröfur sem gerðar eru í 12. gr. þessara reglna. Skilgreina skal hlutverk hvers leiðbeinanda fyrir sig.

12. gr. Kröfur til umsjónarkennara og leiðbeinenda

Umsjónarkennari skal ýmist vera fastráðinn kennari eða gestakennari í viðkomandi grein við Landbúnaðarháskóla Íslands sem hefur fengið viðeigandi hæfismat. Aðalleiðbeinandi doktorsnema getur sá einn orðið sem lokið hefur doktorsprófi eða áunnið sér prófessorshæfi og uppfyllir að öllu jöfnu þær kröfur sem gerðar eru til leiðbeinenda í doktorsnámi í *Viðmiðum og kröfum um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands* (sjá gr. 4.2). Gæta þarf þess að verkefni nemandans sé á sérsviði leiðbeinenda. Leiðbeinendur doktorsnema, hvort sem þeir eru fastir kennarar við háskólann eða ekki, skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi sviði og hafa birt ritsmíðar er tengjast verkefni nemanda á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur.

13. gr. Doktorsnefnd

Í doktorsnefnd skulu sitja a.m.k. þrjú sérfróðir einstaklingar, þ.e. umsjónarkennari og leiðbeinendur. Nema og leiðbeinendum er heimilt að tilnefna allt að tvo aðra, ef þörf krefur, sem framhaldsnámsnefnd samþykkir. Þegar samþykki aðila doktorsnefndar liggur fyrir, eigi síðar en fyrir lok fyrsta misseris, sendir formaður framhaldsnámsnefndar þeim skipunarbréf og varðveitir afrit.

Umsjónarkennari kallar doktorsnefnd saman innan 6 mánaða frá samþykkt rannsóknaráætlunar. Umsjónarkennari kallar síðan nefndina saman a.m.k. árlega á meðan á náminu stendur til að fylgist með framvindu námsins, sbr. 7. gr., og hefur umsjón með ritun fundargerða og skilum til umsjónarmanns framhaldsnáms, doktorsnema og doktorsnefndar, auk doktorsnefndarálits þegar doktorsritgerð er tilbúin (sbr. 15. grein). Doktorsnefnd ber ábyrgð á því að doktorsnámið samrýmist viðmiðum og kröfum Háskóla Íslands um gæði doktorsnáms. Doktorsefni getur kallað saman doktorsnefnd að eigin frumkvæði.

14. gr. Námsmat

Nemandinn skal kynna rannsóknarverkefni sitt opinberlega við Landbúnaðarháskóla Íslands, að viðstaddri doktorsnefnd, a.m.k. þrisvar sinnum. Fyrsta erindið (I) er haldið þegar nemandinn hefur gengið frá doktorsnámssamningi og er það alla jafna á öðru misseri námsins. Þar skal gera stutta grein fyrir rannsóknarverkefninu, aðdraganda þess, markmiðum og helstu aðferðum. Ef einhverjar niðurstöður eru komnar má geta þess stuttlega. Eins skal gera grein fyrir áætluðum námskeiðum og hvaða námskeiðum sé nú þegar lokið. Annað erindið (II) er haldið þegar nemandinn er kominn vel á veg og hefur safnað drjúgum hluta gagnanna. Gera skal stutta grein fyrir verkefninu og þeim niðurstöðum sem komnar eru. Einnig skal greina frá stöðu námskeiða, fyrirhugðum greinaskrifum/handritum sem komin eru og áætluðum verklokum. Þriðja erindið (III) er svo haldið þegar nemandinn hefur hafið skriftir og og verklok eru í auglýsingu. Þar skal gera grein fyrir verkefninu í heild sinni og rekja helstu niðurstöður. Eins skal nemandi lista upp námskeið sem er lokið og geta þess hvort einhverjum námskeiðum sé enn ólokið. Loks skal gera grein fyrir því hvaða greinar muni fylgja ritgerðinni og hver staða þeirra sé.

Þegar doktorsnám er rúmlega hálfnað fer fram ítarlegt mat á stöðu verkefnisins (miðbikspróf). Doktorsneminn skrifar stutta samantekt um verkefnið og helstu niðurstöður sem hann sendir til doktorsnefndar og býður nefndarmönnum til opinna kynningar á verkefninu (opin kynning II). Á grundvelli hennar og umræðna er metin almenn þekking doktorsnemans og staða verkefnisins með tilliti til þess hvort efniviður sé nægur og hæfilegur fyrir doktorsritgerð og ákvörðun tekin um hvort neminn fái heimild til þess að halda áfram námi. Eigi síðar en sex mánuðum fyrir áætluð námslok (opin kynning III) er síðan metið hvort neminn fái heimild til

þess að leggja lokahönd á ritgerð og senda hana til formlegrar umfjöllunar í doktorsnefnd. Er slíkt mat nauðsynlegt skilyrði fyrir doktorsvörn.

Loks metur doktorsnefnd ritgerðina áður en hún er lögð fram til varnar og skilar vandlega rökstuddu álitni til framhaldsnámsnefndar um það hvort doktorsritgerðin sé hæf til varnar og doktorsefni tilbúið til doktorsvarnar. Þar skulu koma fram upplýsingar um fyrra nám og háskólagráður, heiti verkefnis/ritgerðar, doktorsnefnd, samstarfsaðila við verkefnið, upplýsingar um hvar vinnan fór fram, listi yfir og stutt lýsing á þeim vísindagreinum sem verkið byggir á, auk yfirlits sem lýsir faglegum ferli nemandans meðan á doktorsnáminu stóð (s.s. kennsla, fyrirlestrar, veggspjöld, skýrslur). Álitnið skal undirritað af öllum doktorsnefndarmönnum. Um leið og ritgerð er lögð fram til framhaldsnámsnefndar skal jafnframt leggja fram staðfest námsferilsyfirlit nemanda og yfirlit um greiðslu skráningargjalda.

15. gr. Andmælendur og doktorsvörn

Framhaldsnámsnefnd leggur mat á hvort innsend doktorsritgerð fullnægi almennum skilyrðum. Nefndin fjallar um niðurstöðu doktorsnefndar um lok náms og tillögu um tvo andmælendur við verðandi doktorsvörn en þeir skulu vera óháðir aðilar, sem ekki eiga sæti í doktorsnefnd. Andmælendur skulu vera viðurkenndir sérfræðingar í viðfangsefni doktorsritgerðarinnar. Andmælendur mega ekki hafa þau faglegu eða persónulegu tengsl við doktorsnema, leiðbeinanda eða doktorsnefnd sem valda því að hægt sé að draga hæfi þeirra í efa. Þegar framhaldsnámsnefnd hefur samþykkt tillögur um andmælendur eru tillögurnar sendar Miðstöð framhaldsnáms til samþykkis. Báðir andmælendur skulu koma frá öðrum háskólum eða rannsóknastofnunum, og skal annar þeirra vera frá erlendum háskóla eða rannsóknastofnun. Framhaldsnámsnefnd tilnefnir andmælendur formlega að fenginni umsögn Miðstöðvar framhaldsnáms. Þegar samþykki andmælenda hefur fengist fyrir starfinu sendir sviðstjóri kennslu og gæðamála þeim skipunarbréf og varðveitir afrit. Andmælendur skulu fá endanlegt eintak doktorsritgerðar að minnsta kosti sex vikum fyrir doktorsvörn. Gert er ráð fyrir að doktorsvörn fari að jafnaði fram eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ritgerð er lögð fram.

Ritgerð skal dæmd og varin samkvæmt viðmiðum Landbúnaðarháskóla Íslands um framkvæmd doktorsprófs og með hliðsjón af reglum Háskóla Íslands. Doktorsefni skal verja ritgerð sína í háskólanum í heyranda hljóði. Deildarforseti stýrir doktorsvörn. Að lokinni munnlegri vörn ákveður deildarforseti ásamt andmælendum hvort veita skuli doktorsnafnbót. Verði ágreiningur skal skjóta málinu til deildarfundar. Fulltrúi stúdenta á deildarfundi á ekki atkvæðisrétt um mál er varða veitingu doktorsnafnbóta. Ekki eru gefnar einkunnir fyrir doktorspróf en andmælendur skulu skila umsögn um ritgerðina í kjölfar varnarinnar sem nemandinn fær.

16. gr. Skil og frágangur doktorsritgerðar

Verk til doktorsprófs getur verið hvort sem er í formi heildstæðrar ritgerðar eða safns greina sem hafa birst eða verið sendar til birtingar í ritrýndum alþjóðlegum tímaritum. Doktorsritgerð skal skrifa á ensku. Í henni skal vera ítarlegur inngangur þar sem staða þekkingar á fræðasviðinu er rakin, aðferðum skal lýst, gerð grein fyrir niðurstöðum og loks skal vera ítarlegur umræðukafli sem fjallar um verkefnið í heild. Í ritgerð skal vera yfirlýsing um hvert framlag doktorsnemans var, tekið skal fram hvort aðrir hafa komið að verkinu og hver hlutur þeirra var.

Geta skal stofnana eða fyrirtækja þar sem rannsóknin var unnin og tekið fram hverjir leiðbeinendur voru. Koma skal skýrt fram að verkefnið hafi verið unnið á vegum

Landbúnaðarháskóla Íslands og geta skal þeirra sem styrktu verkefnið. Um frágang ritgerðarinnar að öðru leyti vísast til leiðbeininga skólans. Doktorsritgerð skal skilað í tólf eintökum til kennsluskrifstofu og rafrænu eintaki skal skila í rafræna gagnasafnið Skemman.is sem vistað er hjá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni á formi sem safnið ákveður. Ritgerðin skal varðveitt opin öllum til aflestrar og prentunar. Deild getur þó veitt heimild til að ritgerð sé lokuð tímabundið vegna viðkvæms efnis. Í hverri ritgerð skal vera útdráttur á íslensku og ensku og skal skila honum sérstaklega á tölvutæku formi til birtingar á heimasíðu skólans. Form doktorsritgerðar:

- a. Ritgerð byggð á birtu efni eða efni samþykktu til birtingar. Slík ritgerð skal að jafnaði byggð á a.m.k. þremur vísindagreinum, hvar af a.m.k. ein hafi verið birt í viðurkenndu ritrýndu tímariti, önnur samþykkt eða send inn til birtingar og sú þriðja í handriti. Með orðinu vísindagrein er að jafnaði átt við grein sem byggir á eigin gögnum/niðurstöðum, úrvinnslu og túlkun á þeim. Samræmis skal gætt við viðurkenndar hefðir á hverju fræðasviði. Skal doktorsefni vera fyrsti höfundur að a.m.k. tveimur slíkum greinum en þó að jafnaði öllum þremur. Ávallt skal vera skýrt hver þáttur doktorsnema er í viðkomandi verkefni og skal framhaldsnámsnefnd bera ábyrgð á að sannreyna með doktorsnefnd að hlutverk doktorsnema sé fullnægjandi í samræmi við ofangreind ákvæði.
- b. Í undantekningartilfellum getur framhaldsnámsnefnd veitt heimild fyrir ítarlegri ritgerð (monographia), þar sem þess er ekki krafist að ritgerðin, efni hennar eða hlutar efnis hennar hafi verið birtir eða samþykktir til birtingar. Slík ritgerð fer í strangara matsferli innan deildar en ritgerð sem byggð er á birtu efni. Doktorsnefnd og framhaldsnámsnefnd bera sameiginlega ábyrgð á því að umfang verkefnis, hlutdeild doktorsnema í verkinu, umfang og formlegur frágangur ritgerðar sé af sömu gæðum og annars er krafist. Í þessum tilvikum skal ávallt skipa þriggja manna dómnefnd utanaðkomandi og óháðra aðila. Um skipun dómnefndar gilda sömu reglur og við skipun andmælenda við doktorsvörn. Dómnefnd er þó heimilt að kalla til fulltrúa doktorsnefndar til ráðuneytis. Dómnefnd skal skila mjög ítarlegu álitu með nákvæmri og gagnrýninni ritrýni.

17. gr. Lærdómstitill

Að loknu doktorsnámi hlýtur nemandinn lærdómstitilinn Philosophiae Doctor (Ph.D.).

18. gr. Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands

Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands hefur umsjón með og fylgir eftir settum viðmiðum og kröfum um gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands. Miðstöð framhaldsnáms hefur heildaryfirsýn yfir framhaldsnámið og starfar náið með háskóladeildum, gæðanefnd háskólaráðs og sameiginlegri stjórnarsýslu háskólanna. Miðstöðin er vettvangur samráðs og samvinnu um námið innan háskólanna og tengiliður við samstarfsaðila innan lands og utan.

19. gr. Gildistaka

Reglur þessar eru settar af háskólaráði Landbúnaðarháskóla Íslands með tilvísun í III. kafla laga um háskóla nr. 63/2006 og laga um opinbera háskóla nr. 85/2008. Reglurnar hafa verið samþykktar af framhaldsnámsnefnd LbhÍ og Miðstöð framhaldsnáms, sbr. 1. gr. þessara reglna og staðfestar af deildarfundu 5. janúar 2017. Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla úr gildi reglur Landbúnaðarháskóla Íslands um doktorsnám sem samþykktar voru í háskólaráði 19. janúar 2012 og tóku gildi 1. febrúar 2012.

Ákvæði til bráðabirgða:

Þeir nemendur sem þegar eru í doktorsnámi við gildistöku reglna þessara skulu ljúka námi sínu samkvæmt eldri reglum Landbúnaðarháskóla Íslands um doktorsnám frá 1. febrúar 2012.

Staðfest af háskólaráði 17. mars 2017

Degree descriptor for Doctorate Degree

(Third Cycle, level 5) at Agricultural University of Iceland (AUI) according to national qualification framework for Iceland, Ministry of Education, 8 February 2007. (Government Gazette B nr. 80 2007)

<i>Programme name</i>	Agricultural Sciences Nature and Environmental Sciences Forest Science Restoration Ecology and Management Landscape Planning and Architecture
<i>Final Award</i>	Ph.D. Agricultural Sciences 3 years (180 ECTS) Ph.D. Nature and Environmental Science 3 years (180 ECTS) Ph.D. Forest Science 3 years (180 ECTS) Ph.D. Restoration Ecology and Management 3 years (180 ECTS) Ph.D. Landscape Planning and Architecture 3 years (180 ECTS)
<i>Department</i>	Department of Land and Animal Resources Department of Environmental Sciences
<i>Admission criteria</i>	An applicant needs to have completed a research based Masters degree from AUI or hold an equivalent academic qualification from another academic institution in order to enrol in the Doctorate at AUI.
<i>Programme aims (summary)</i>	The present Doctorate programmes are designed as individually planned study schemes according to an agreement is made between AUI, the supervisor, overseer, co supervisor(s) and each student. The agreement includes a description of the research project, its aim, as well as an overview of those PhD subjects (courses) which the student is taking as part of the PhD programme. The selection of courses and research project are made such that the course part supports the research theme in a logical manner, fulfilling the general learning outcomes described below. The aims of the programmes are to provide individual scientific education and training in the field of one of the following areas: Agricultural Sciences, Nature and Environmental Sciences, Forest Science, Restoration Ecology and Management and Landscape Planning and Architecture
<i>Programme learning outcomes:</i>	
<i>Knowledge and understanding</i>	Students possess extensive and in-depth understanding of main theories, principles, concepts and of the latest findings available within a specific field of study or profession. The knowledge shall be more in-depth than that acquired at cycle 1 and 2. Students have contributed important innovation to the field of study in the form of new knowledge or significant adaptation, innovative utilisation or interpretation of existing knowledge.
<i>Type of knowledge</i>	Students possess knowledge and understanding which they have acquired from research carried out on individual basis. Students' research findings shall contribute in a significant way to the

	<p>development of the relevant field of study or profession. Students have initiated new knowledge, and its interpretation, with research or other acknowledged scholarly activities which measure up to reviews and critique of other scholars in the relevant field.</p>
<i>Practical skills</i>	<p>Students can apply critical analysis, evaluation and integration to new and complex projects. Students can tackle complex tasks which widen and/or redefine existing methodology in the relevant field of study. Students can apply in an extensive way the basic skills, technology, methods, material and sources connected with the relevant field of study. Students can utilise, on a broad basis, general and specialised research equipment and research technology. Students can organize and carry out research and explore or develop projects which tackle new problems and subjects within a subject. Students shall demonstrate originality and creativity in developing and utilising new knowledge, understanding and methods.</p>
<i>Theoretical skills</i>	<p>Students have carried out innovative research or developed work methods which add to, or widen the existing knowledge of a relevant subject. Students have presented an important and well organised dissertation which is suitable for publishing in a peer-reviewed publication at national or international level. Students can tackle very complicated and/or new subjects and formulate an autonomous and informative opinion.</p>
<i>Communication skills and information literacy</i>	<p>Students can communicate, in an effective way, with their peers, other scholars and the general public about their area of expertise. Students can demonstrate extensive professional autonomy and initiative in their professional work. Students can take full responsibility for their own projects as well as assuming responsibility for the work of others. Students are able to present technological, social and cultural progress, connected with the knowledge society, in a theoretical setting. Students can participate in critical debate, initiate and lead theoretical discourse. Students can use software to support and enhance work in the relevant field of study, and can specify specialised software for the improvement of methods and work processes. Students can assess statistical and graphical data in a critical way. Students shall demonstrate their awareness of ethics of science and that they have formed a considered opinion regarding their own research, and that of others, based on their own ethical consciousness.</p>
<i>Learning skills</i>	<p>Students have adopted a critical stand towards knowledge.</p>

AUI Code of Ethics

The Agricultural University of Iceland is an academic community comprised of students, teachers and other personnel of the institution. Members of this community ought to show respect, honesty and fairness in their conduct, studies and work. It is therefore the primal duty of each and every one at the University to preclude any kind of injustice, such as persecution, violence, sexual harassment or sexual discrimination, discrimination against disabled individuals, ageism, religious discrimination, discrimination against those who subscribe to different views, belong to a different nationality, race, have a different sexual orientation, or other discrimination on any unfair basis.

General Principles

1. All members of the academic community at the Agricultural University of Iceland ought to guard the University's honour and shall allow no action that may undermine the institution's reputation in the eyes of society. Everyone is required to do their best in order to ensure that the University performs its role and that these present rules of the Code of Ethics are upheld.
2. The University staff and students are free to present objective criticism of the school's policies and procedures.
3. Teachers and other staff, as well as students, spare no effort to promote a free and objective exchange of opinions inside the University and the society at large. Those who participate in public debates or engage in social work and politics do so because of their convictions and should not neglect their responsibilities of University citizens.
4. Every member of the University community should conscientiously consider consequences of their work and activities for society, environment and nature.
5. The University staff and students should show each other respect in conduct, oral address and writing. They work together in a sincere effort to prevent any personal connections or private interests from having an impact on the aforesaid.
6. The University staff shall respect students and their colleagues as individuals, guarding the confidentiality of their personal information, as well as confidential information concerning any third parties. The University staff shall exercise utmost precaution at any place or time where issues concerning students or other staff members are discussed.
7. Staff and students shall not discriminate against each on the basis of, for example, gender, disability, age, creed, views, nationality, race or sexual orientation.
8. Members of the university community shall not expose each other to persecution or sexual harassment.
9. Should any individual become aware of discrimination, violence, sexual harassment or persecution, he or she should warn the school authorities.

Teaching, Research and Study

1. Teachers, researchers and students must search knowledge honestly and objectively. They shall emphasise professional methods of work, critical thinking and objective reasoning in their work.
2. Teachers, researchers and students shall always work according to their own convictions, irrespective of who they collaborate with or who funds the work they are engaged in. They should always make any vested interest or stakes involved in their work known to the community, if there are any such stakes.
3. Teachers, researchers and students shall never present any other individuals' intellectual products as their own. They should always respect copyright and reference other people's works according to the accepted professional procedures.
4. Teachers, researchers and students shall exercise criticism with regard to themselves

and their own work. They shall not falsify or forge information, data or outcomes of research, avoiding any kind of a mistake or an error. Should any such mistakes nevertheless occur, teachers, researchers and students must acknowledge them and do their best to rectify them.

5. Teachers shall inform of any kind of connection or relatedness to students that can disqualify them from taking decisions on assessing these students' progress or on any other aspects of study which could be of importance.

Teachers and Teaching

1. Teachers shall assist students' education by high-quality guidance, appropriate professional demands, encouragement and good example. They organise the teaching process, instructions and training in accordance with the rules on teaching and testing adopted by the institution.
2. Teachers should always respect students' rights and be guided by the students' interest.
3. Teachers shall make fair demands on students and exercise care in assessing students' progress. If there is suspicion of any misconduct among students, teachers shall follow the case through according to the University's rules.
4. Teachers shall provide timely information to students with regard to those demands that they or the University makes on them. They shall fulfil their obligations towards students and return grades and projects within the timeframe specified in the University's rules.
5. Teachers are aware of their status as instructors and role models and shall not misuse this status in their interactions with students.

Researchers and Research Projects

1. The University, its administration, managers and staff shall guard complete research freedom and the freedom of speech of each researcher.
2. Any staff members engaged in research and scientific work must maintain and share their professional knowledge. By doing so they promote progress in their respective professional field.
3. Everyone engaged in research must respect and acknowledge each other's contribution to the research. They should never misappropriate credit for students' ideas and shall always mention students' input into research.
4. The rights of participants in any research conducted at the Agricultural University of Iceland shall be always secured and it should be made sure that their interests are safeguarded to the utmost.
5. Teachers, researchers and, when appropriate, students, shall make their research outcomes public in official sources. They shall publish their research results in their own name as specialists of the University or a research institution inside the University. Nobody can express the opinion of the Agricultural University of Iceland but the Academic Council and the Rector.
6. Researchers working at the University shall guard the institution's honour and use their work at the institution in order to publicise research conducted at the University during their tenure.
7. Researchers working at the University shall always consult other University team members and honour their authorship rights when discussing and publicising their research conducted at the Agricultural University of Iceland.

Students and Study

1. Students must respect their teachers, other University staff and their fellow students as individuals and should conduct themselves towards them with tact, civility and respect.

2. Students shall perform projects, write essays and take tests with honesty and encourage peer students to do the same.
3. Students should always use truthful documents, such as certificates, diplomas or testimonials concerning their study or work, in their applications.

Staff and Services

1. Staff members always provide information to students and their colleagues, making sure that this information is as correct as possible at each time to the best of their knowledge. Should this information prove less than the expertise in the field allows at each time, the staff members acknowledge a limited nature of the information obtains more knowledge or refers the question to an appropriate party.
2. Staff members maintain – with skill and fairness – good contact with colleagues and others who make use of services thus provided.
3. The staff and students should make sure that they handle the University funds and assets which they are entrusted with or have at their disposal because of their work or study well. Such funds and assets cannot be used for a personal gain.

Organisation, Sanctions and Appeals

1. A special Ethics Committee operates at the Agricultural University of Iceland, the role of which is to judge whether ethical rules have been upheld. The Ethics Committee is elected by the Academic Council and consists of one representative of the University staff, one students' representative and a Chairman nominated by
 1. the Rector. This Chairman shall as a rule also be a tenured teacher at the University.
 2. The Committee accepts comments and appeals from parties outside and inside the University. It has jurisdiction over staff and students and their actions within the University community, both inside and outside the institution. The Committee shall not take up any issues at own initiative.
 3. When reviewing cases the Committee shall uphold the main rule of the administrative code on gathering information, moderation and the right of appeal.
 4. The Committee's ruling shall be substantiated and conclusive as to whether the Code of Ethics rules have been broken or not.
 5. A breach of the Code of Ethics results in a reprimand at a first violation, but can also lead to an expulsion or a dismissal from work for a repeated or a serious violation according to the regulations.
 6. The Committee does not take any decisions on penalties for a violation. This is done by the Rector.

Development and Validity of the Code of Ethics

1. In developing the Code of Ethics of the Agricultural University of Iceland note has been taken of the Code of Ethics of the Bifröst University, the University of Iceland and the Reykjavik University.
2. This Code of Ethics becomes valid through approval of the Academic Council and Rector's announcement of its adoption.
3. These present rules of the Code of Ethics are introduced to new staff members and students. They are available on the University's website.

Agreed by the University Council, 9 May 2007.